

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 461/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Þórði Jóhanni Eypórssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Manndráp. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 11. nóvember 1993. Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði ekki sakfelldur fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot það, sem hann hlýtur dóm fyrir. Þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eigi verður talið sannað, að með ákærða hafi búið fyrir fram sá ásetningur að svipta Ragnar Ólafsson lífi, er hann fór niður kjallaratröppurnar á Snorrabraut 36 í Reykjavík. Þegar ákærði kom æðandi inn í eldhúsið með brugðinn hnifinn og lagði til Ragnars, hlaut honum þó að vera ljóst, að slík atлага myndi sennilega leiða til dauða. Ber að meta verknaðinn, svo sem héraðsdómari gerir, ásetningsverk, er varði við 211. gr. laga nr. 19/1940.

Af gögnum málsins um sambúð ákærða og Hildar Fríðu Þórhallsdóttur er ljóst, að samband þeirra var mjög stormasamt. Upp úr sambúðinni slitnaði tæpri viku fyrir þann örlagaríka atburð, sem mál þetta snýst um. Var ákærði haldinn afbrýðisemi gagnvart Ragnari Ólafssyni vegna fyrra sambands Ragnars og Hildar Fríðu og óttadist einnig, að Ragnar héldi fíkniefnum að henni. Þótt þessar tilfinningar afsaki ekki gerðir ákærða, varpa þær þó ljósi á hugarástand hans, og verður að gera ráð fyrir því, að hann hafi unnið verkið í geðshræingu og óyfirvegað.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði með broti því, sem hann er hér sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnar, sem

hann fékk 25. nóvember 1989 á 7 ára refsivist. Ber því við ákvörðun refsingar nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt, með hliðsjón af refsivistinni, sem ólokið er, samkvæmt reglum 60. gr. og 77. gr. sömu laga. Rétt þykir með vísan til 79. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða refsingu ákærða 20 ára fangelsi.

Samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 ber gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 22. ágúst 1993 til uppsögu dóms þessa að koma refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórður Jóhann Eypórsson, sæti fangelsi í 20 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 22. ágúst 1993.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Ingibjargar Benediktsdóttur

Að mínu áliti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Ég er samþykkt málskostnaðarákvæði í atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1993

Ár 1993, föstudaginn 22. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 521/1993: Ákærvaldið gegn Þórði Jóhanni Eypórssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. september sl., á hendur ákærða, Þórði Jóhanni Eypórssyni, Njörvasundi 40 hér í borg, fæddum 20. ágúst 1957, fæðingarnúmer 534.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir manndráp með því að hafa skömmu fyrir kl. 03.00 aðfaranótt sunnudagsins 22. ágúst 1993 svipt Ragnar Ólafsson, kt. 210860-7549, lífi á heimili hans í kjallarafbúð að Snorrabraut 36, Reykjavík, með því að stinga hann með vasahníf í hjarta-stað. Ragnar gekkst undir bráðabryjóstholsaðgerð á Landspítalanum í Reykjavík, en ekki tókst að bjarga lífi hans, og var Ragnar Ólafsson úrskurðaður látinn kl. 04.20 af losti sökum blóðmissis og hjartalömunar vegna áverka í hjartanu.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Dómarinn fékk mál þetta afhent til meðferðar 23. september sl., gaf út fyrirfall degi síðar og þingfesti málið 27. september sl.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 22. ágúst sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um áflog og hávaða frá kjallaranum að Snorrabraut 36. Þrír lög-reglumenn héldu á staðinn, og er þeir komu þangað var búið að brjóta hurð að kjallarafbúðinni og á eldhúsgólfinu lá Ragnar Ólafsson, sem átti heima í fbúðinni. Blæddi mikið úr honum og virtist hann rænulífill og fölur. Á gólf-inu lá vasahnífur (fiskihnífur), og var hann lokaður. Skurður var á vinstri síðu Ragnars og blæddi úr honum. Sjúkrabifreið flutti Ragnar á brott á bráðamóttöku Landspítalans, en þar á spítalanum var reynt að bjarga lífi hans með bráðabryjóstholsaðgerð.

Tvær konur voru á staðnum að stumra yfir Ragnari og virtust þær mjög miður sín. Þetta voru Guðbjörg Inga Guðjónsdóttir, sem bjó þarna með Ragnari, og Hildur Fríða Þórhallsdóttir, Hjarðarhaga 36 í Reykjavík. Skýrðu þær frá því, að ákærði, Þórður Jóhann Eypórsson, hefði ruðst þarna inn og stungið Ragnar með vasahnífnum og síðan hlaupið út. Þá kvað Hildur Fríða ákærða einnig hafa ætlað að stinga sig, en hún hefði getað forðað sér.

Haft er eftir Hildi Fríðu í skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu, að Hildur Fríða hafi upplýst á staðnum, að hún hefði verið sam-býliskona ákærða, en þau hefðu slitið samvistum fyrir um viku, og hefði hann reynt að fá hana aftur til sín, en hún ekki viljað það. Kvað Hildur Fríða ákærða hafa að ástæðulausu verið afbrýðisaman út í Ragnar og þess vegna hefði hann stungið hann. Þá er haft eftir Hildi Fríðu, að ákærði hefði

verið ölvaður undanfarna daga og hefði hann fyrr um kvöldið verið staddur á veitingastaðnum Keisaranum, og þar hefði hann frétt, að hún væri stödd þarna. Enn upplýsti Hildur Fríða, að einhver hefði verið með ákærða, en ekki vissi hún, hvert hann hefði farið. Loks upplýsti Hildur Fríða, að Ragnar hefði nýlega verið búinn að taka inn talsvert magn af amfetamíni, og á bekk í eldhúsinu var veski með áhöldum til fíkniefnaneyslu og hvítt duft þar hjá.

Hildur Fríða og Guðbjörg Inga voru fluttar í fangageymslur lögreglunnar, og klukkan 4.20 um nóttina var lögreglunni tilkynnt frá bráðamóttöku Landspítalans, að Ragnar væri látinn.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um atburðinn klukkan 3.00 um nóttina, og héldu þá á staðinn tveir rannsóknarlögreglumenn og nokkru síðar hinn þriðji, og gerði einn þeirra skýrslu um för þeirra þangað. Í skýrslunni segir um vettvang, að um sé að ræða tveggja herbergja kjallaraíbúð, sem skiptist í stofu, svefnherbergi, eldhús, snyrtingu og gang. Töluverð óreiða hafi verið í íbúðinni og veggjakrot á mörgum veggjum. Í eldhúsi voru ýmis áhöld talin tengjast fíkniefnaneyslu, t. d. sviðnar skeiðar, mjó gúmmíslanga og askja með hvítu dufti. Nánast engin búslóð var í íbúðinni nema í kössum á gólfi. Á eldhúsgólfi var mikið blóð, sem sporast hafði út víða um íbúðina. Enn fremur var þar töluvert af umbúðum undan hjúkrunargögnum, væntanlega frá lækni á neyðarbil, sem kom á vettvang. Á gólfinu fyrir neðan eldhúsvask lá vasahnífur með brúnu skafti. Rúða í útidyrhurð íbúðarinnar var brotin og dyrastafur illa brotinn. Við smekklás á utanverðri hurðinni var lítills háttar blóðkám. Ákærði gaf sig fram á lögreglustöðinni við Hverfisgötu klukkan 8.35 á sunnudagsmorgninum og kom þangað með fyrrverandi eiginkonu sinni. Hann var fyrst færður í fangaklefa og klukkan 12.30 í Síðumúlafangelsi.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar og annarra efnarannsóknar klukkan 9.35 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar, sem fram fór hjá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,22% og í þvagi hans reyndist magn alkóhóls 1,35%.

Auk alkóhóls í blóði ákærða var í þvagi hans tetrahýdrókannabínólsýra, sem er umbrotaefni tetrahýdrókannabínóls, hins vímugefandi efnis í kannabis. Í þvaginu mátti einnig greina amfetamín, og var magn þess í blóðinu 225 ng/ml. Staðfesta niðurstöðutölur þessara rannsókna, að ákærði hefur nokkru áður en sýnin voru tekin, neytt áfengis, kannabis, svo og tekið amfetamín. Magn etanóls í blóði og þvagi bendir til ölvunar og að drykkja hafi verið tiltölulega nýbyrjuð. Magn amfetamíns í blóðinu var langt umfram það, sem búast mátti við eftir töku lækningalegra skammta, en var þó mun minna en oft í blóði amfetamínista.

Sveinn Kjartansson, læknir fangelsisins í Síðumúla 28, skoðaði ákærða þennan dag á milli klukkan 15 og 15.30. Í vottorði læknisins um skoðunina segir, að ákærði hafi sagt, að hann myndi óljóst eftir atburðinum og að hann hefði verið undir áhrifum áfengis og amfetamíns eftir rúmlega sólarhringsneyslu. Síðan segir í vottorðinu, að ákærði hafi í viðtalinu við lækninn verið mjög spenntur, kvíðinn og klökkur. Hann hafi verið skjálfhentur með hraðan púls (96/mín) og fráhrarfseinkenni. Engin áverkamerki fundust við líkamsskoðun og ekki merki um bráðan alvarlegan geðsjúkdóm, í þessu viðtali, sem stóð um hálfu klukkustund.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu í yfirheyrslu, sem hófst þennan sama dag laust fyrir klukkan 16, og skýrði hann þá svo frá, að hann hefði frétt það í veitingahúsinu Keisaranum á leið sinni heim til fyrri konu sinnar, að Hildur Fríða, sem hefði búið með honum, hefði verið að leita að honum og væri hún hjá Ragnari Ólafssyni. Ákærði var með Reyni Björgvinssyni, sem ætlaði að aka ákærða heim til fyrri konu hans, og fékk ákærði Reyni til þess að koma við á Snorrabrautinni, og þar kvaðst hann hafa farið inn bakdyra megin í húsið. Ákærði sá Hildi Fríði, Ragnar og Guðbjörgu Ingu, sambýliskonu Ragnars, inn um eldhúsglugga íbúðarinnar. Snöggfauk í hann við að sjá Hildi Fríðu þarna, þó að þau væru ekki að gera neitt sérstakt, en margt hefði verið búið að ganga á áður.

Ákærði var með vasahníf á sér og tók hann upp og opnaði á leið niður tröppurnar. Hann sparkaði síðan upp hurðinni og fór beint inn í eldhús. Kvaðst ákærði hafa haldið um hnífinn með hægri hendi og hefði blaðið vísað í átt að Ragnari. Þeim hefði lent saman um leið og svo farið í sundur. Þá hefði Ragnar tekið með hendinni um sig og sagt eitthvað, en ákærði gerði sér þá grein fyrir því, að hnífurinn hefði stungist í hann. Ákærði hraðaði sér síðan á brott. Verður síðar gerð nánari grein fyrir framburði ákærða.

Þennan sama dag var af hálfu rannsóknarlögreglu gerð krafa til þess, að ákærða yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 29. september sl. Var krafan lögð fram í dóminum klukkan 21 um kvöldið og sakarefnið borið undir ákærða, sem játaði í dóminum að hafa lagt til Ragnars Ólafssonar með hnífi sl. nótt. Staðfesti ákærði jafnframt, að skýrsla sú, sem rannsóknarlögreglan var búin að taka af honum, væri rétt. Gæsluvarðhaldskraftan var að fullu tekin til greina og ákærði færður í gæsluvarðhald klukkan 21.58 um kvöldið, og hefur hann sætt gæsluvarðhaldi síðan, en gæsluvarðhaldið var framlengt með úrskurði dómsins 27. september sl. og þá til miðvikudagsins 15. desember nk.

Eins og fram er komið andaðist Ragnar Ólafsson um nóttina, og næsta dag var lík hans krufið. Gerð var skýrsla um krufninguna, og er hún undir-

rituð af Bjarka Magnússyni, lækni á Rannsóknastofu háskólans. Í niðurlagi skýrslunnar er gerð grein fyrir niðurstöðu krufningarinnar. Þar segir, að þar sem bráðabryjóstholsaðgerð (thoracotomia acuta) hafi verið gerð á manningum, sé ekki unnt að segja með fullri nákvæmni, hvar innstungusárið var og hver leið þess að hjartanu hafi verið, en leifar af innstungusárinu hafi verið til staðar í neðra kanti aðgerðarskurðar svarandi til 6. millirifjabils vinstra megin, og læknirinn, sem gerði aðgerðina, hafi upplýst, að innstungusárið hafi verið í 6. millirifjabili vinstra megin. Stungusárið í framvegg hægra slegils sé hins vegar svarandi til 4. millirifjabils og stungusárið í bakveggnum sé 1 cm ofar og hafi hnífnum því verið beitt talsvert upp á við. Hnífstungan hafi einnig farið í gegnum pleura mediastinalis sin., sem skýri hvers vegna 750 ml af blóði hafi verið í vinstra brjóstholi. Dánarorsök Ragnars hafi verið lost af völdum blóðmissis og hjartalömun vegna fyrrgreindra áverka í hjartanu.

Rannsóknastofa háskólans í lyfjafræði rannsakaði í tengslum við krufninguna á líki Ragnars magn ýmissa efna í líki hans. Etanól var ekki í mælanlegu magni í blóði eða þvagi. Með hlutsíun á basiskum lyfjum í þvagi fannst amfetamín, en engin önnur lyf eða eitrefni, sem greina mátti með þessari aðferð. Amfetamín var ákvarðað og reyndist magn þess 1,7 mikróg/ml. Í þvaginu var hvorki morfín né skyld lyf né kókaín eða umbrotsefni þess, benzóýlekgónín. Í þvaginu var hins vegar tetrahýdrókannabínólsýra, umbrotsefni tetrahýdrókannabínóls, hins vímuefandi efnis í kannabis.

Magn amfetamíns í blóðinu var svo mikið, að Ragnar hefði getað tekið stóra skammta af amfetamíni daglega. Auk þess hafi hann tekið kannabis a. m. k. innan 2-3 vikna fyrir lát sitt.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins, en allir þessir aðilar höfðu áður gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði kveðst hafa kynnst Hildi Fríðu Þórhallsdóttur í desember 1992, en þá var hann í hjónabandi með Hjördísi Sigurgeirsdóttur, en fluttur að heiman og við vinnu á bónstöð. Ákærði og Hjördís skildu lögskilnaði sl. sumar, líklega í júní, en ákærði var byrjaður sambúð með Hildi Fríðu fljótlega eftir sl. áramót, og stóð sú sambúð til 17. ágúst sl. eða þar í kring.

Áður en ákærði og Hildur Fríða hófu sambúð, hafði hún verið í sambandi við Ragnar Ólafsson, en ákærði telur rangt í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, að þau hafi verið í sambúð. Þessu sambandi var lokið um hálfu ári áður en ákærði hóf sambúðina við hana, en þau bjuggu að Hjarðarhaga 36 hér í borg, og þangað fór Ragnar að venja komur sínar strax og hann losnaði úr aflánun á Litla-Hrauni. Fannst ákærða hann vera að reyna að

splundra sambandi þeirra Hildar Fríðu, og hafði hann sagt ákærða, að hann ætlaði að ná henni aftur.

Í júlí sl. lentu ákærði og Hildur Fríða í óreglu og varð sundurorða, og fór hún þá frá ákærða, sem grunaði, að hún hefði farið til Ragnars. Fór ákærði þangað að leita hennar tvívegis, en náði ekki sambandi við neinn í íbúðinni.

Næst þegar ákærði og Hildur Fríða hittust sagðist hún hafa verið hjá Ragnari, og varð ákærði þá mjög reiður og hélt heim til hans til að jafna um hann, en náði ekki sambandi við hann. Eftir þetta fór ákærði á ný til Hildar Fríðu, og var Ragnar þá þar og hafði gist þar nóttina áður.

Ákærði og Hildur Fríða ræddu nú málin og hélt sambúðin áfram, en henni lauk, eins og áður greinir, sl. sumar.

Ákærði kveðst hafa verið við mikla áfengisdrykkju laugardaginn 21. ágúst sl. og fram á nóttina, og hafði hann byrjað að neyta áfengis daginn áður. Var ákærði búinn að vera frá því eftir hádegi á laugardeginum með Reyni Björgvinsyni, og höfðu þeir verið að aka um borgina og nokkrum sinnum komið í veitingahúsið Keisarann. Þá höfðu þeir komið á Snorrabraut 36 og að húsi við Mánagötu þeirra erinda ákærða að hafa upp á Hildi Fríðu, en förin á Snorrabrautina var einnig vegna þess, að ákærða hafði verið boðið þangað af Ragnari Ólafssyni, sem ákærði hafði hitt á laugardagsmorgninum.

Einhvern tímann eftir miðnættið komu þeir Reynir einu sinni enn að Keisaranum, og þar fór ákærði inn, en Reynir beið úti í bifreiðinni. Þarna hitti ákærði Hauk nokkurn, sem var með skilaboð frá Hildi Fríðu vegna afmælis ákærða tveim dögum áður. Ekki sagðist Haukur mega segja ákærða, hvar Hildur Fríða væri, en sagði síðan, að hún hefði verið hjá Ragga á Snorrabrautinni, en það fannst ákærða ótrúlegt og skildi ekki, hvað hún væri að gera þar.

Ákærði vissi, að Hildur Fríða hafði verið að leita að honum að undanfögnu, en segir, að það sé misskilningur, að Haukur hafi borið honum boð þess efnis. Ákærði ræddi við Hauk í um 5 mínútur og minnst þess ekki að hafa drukkið bjór með honum, en að samtali þeirra loknu fór ákærði út í bifreiðina og lét Reyni aka sér upp á Grettisgötu, en þar var bifreiðinni lagt, og héldu þeir síðan gangandi í gegnum sund á milli húsa og komu að bakhlið Snorrabrautar 36. Ekki veit ákærði, hvort Reynir fór inn í húsið, en ákærði gekk að því á undan honum. Ákærði segist hafa verið með blandaðar tilfinningar, þegar hann fór frá Keisaranum að Snorrabraut 36, vegna þess, sem hann hafði frétt um veru Hildar Fríðu þar, en hann fór þangað til að hitta hana.

Ákærði sá Hildi Fríðu, Ragnar og Guðbjörgu Ingu inn um eldhúsglugg-

ann, og sat Hildur Fríða á eldavélinni eða á borðinu. Þá sá ákærði, hvar Ragnar var í eldhúsinu, áður en hann æddi þangað inn. Við það að sjá Hildi Fríðu hjá Ragnari snöggfauk í ákærða, enda þótt þau væru ekki að gera neitt sérstakt.

Ákærði var með vasahníf í vasa sínum, og á leiðinni niður tröppurnar tók hann hnífinn upp og opnaði hann. Þetta gerði ákærði vegna fyrri kynna sinna af Ragnari Ólafssyni, sem oft var vopnaður og þá stundum með hníf, en hann átti til að missa stjórn á skapi sínu. Þá lagðist fyrri samband Ragnars og Hildar Fríðu illa í ákærða, svo og það, að Ragnar hafði komið Hildi Fríðu á ný til að sprauta sig með fíkniefnum, en hún hafði átt við mikinn fíkniefnavanda að stríða og verið í meðferð af þeim sökum. Þetta gerðist á meðan ákærði og Hildur Fríða voru í sambúð og hún hélt fram hjá ákærða með honum.

Ákærði kveðst næst hafa sparkað upp hurðinni að íbúðinni og síðan hrundið upp hurðinni inn í eldhúsið og óð þar inn með vasahnífinn í hægri hendi, þannig að blaðið sneri í átt að Ragnari. Kom ákærði fljúgandi inn í eldhúsið og Ragnar á móti honum. Fór hnífurinn einu sinni í hann, og við það hörfuðu báðir aftur á bak og Ragnar í átt að glugganum. Um leið sá ákærði Ragnar grípa með hendinni um síðu sér og segja eitthvað, heyrðu, eða eitthvað þannig. Ákærða brá mjög og flýtti hann sér út og áttar sig ekki á því, hvort Ragnar var þá fallinn í gólfið, og ekki sá ákærði neitt blóð á Ragnari né sjálfum sér. Ákærða minnir, að hann hafi hent hnífnum frá sér utan dyra opnum. Um leið og ákærði fór út sá hann Reyni í dyrunum inn í húsið.

Ákærði kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir hættunni, sem því var samfara að koma æðandi inn í eldhúsið með opinn hníf fyrir framan sig, og hann man ekki eftir að hafa otað hnífnum tvisvar eða þrisvar að andliti og brjósti Hildar Fríðu né að hafa sparkað til hennar. Þá man hann ekki eftir að hún hafi lent niðri í vaskinum. Ákærði man ekki eftir að hafa lagt hnífinn saman og skilið hann eftir í eldhúsinu.

Hildur Fríða elti ákærða út úr húsinu og út á bílastæði þar fyrir utan og kallaði eitthvað á eftir honum, sem hann heyrði ekki, en hann fór beint inn í bifreiðina til Reynis, sem var kominn inn í hana á undan ákærða.

Ákærði bað Reyni að aka sér beint til Hjördísar, fyrri konu sinnar, og gerði hann það, og skildi leiðir þeirra fyrir utan húsið hjá henni. Ekki man ákærði, hvað hann ræddi við Reyni á leiðinni upp í Breiðholt eða hvort hann sagði honum, hvað hefði átt sér stað. Ákærði man ekki eftir að hafa haft orð á því, að kannski væri hann orðinn tvöfaldur morðingi.

Ákærði sagði Hjördísi, að hann héldi, að hnífur hefði lent í Ragnari Ól-

afssyni í átökum þeirra. Eftir að hafa rætt við Hjördísi leið ákærði út af, enda mikið drukkinn og þreyttur.

Um morguninn vakti Hjördís ákærða og sagði honum, að lögreglan væri að leita hans. Ákærði fór síðan fótgangandi til að gefa sig fram við lögregluna í Breiðholti, en þar var lokað, svo að hann sneri aftur heim til Hjördísar, sem ók honum á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem hann gaf sig fram.

Ákærði man eftir að hafa lent í átökum við Sæmund Þór Sæmundsson laugardagskvöldið 21. ágúst sl., en Sæmundur Þór hafði verið með yfirlýsingar við Hildi Fríðu helgina áður þess efnis, að ákærði væri geðveikur. Var þetta ástæða átakanna, og fullyrðir ákærði, að hann hafi ekki tekið upp hníf í þessum átökum, sem byrjuðu með því, að Sæmundur Þór kýldi ákærða í andlitið honum að óvörum.

Ákærði kannast ekki við að hafa farið frá Keisaranum á Snorrabrautina umrætt sinn með þeim ásetningi að vinna Ragnari mein með því að reka í hann hníf, og hann kannast ekki heldur við að hafa borið haturshug til Ragnars vegna afbrýðisemi, en vinátta þeirra hafði kólnað, og þeir voru að öllu leyti hættir að heimsækja hvor annan.

Ákærði staðfestir, að auk þess að vera undir áhrifum áfengis umrætt sinn hafi hann einnig verið undir áhrifum amfetamíns, sem hann hafði notað nokkuð mikið þessa helgi. Þá hafði hann tekið einn „smók“ af hassi í húsi við Mánagötu fyrr um kvöldið. Hann vefengir ekki, að hann eigi hnífinn, sem fannst á vettvangi.

Ákærði var staddur á Smiðjukaffi stuttu fyrir lokun á laugardagsmorgninum, og settist Ragnar Ólafsson hjá ákærða og bauð honum heim. Meðal annars ræddu þeir afmæli sín. Þá fékk ákærði amfetamín hjá Ragnari, sem bauð honum það.

Ákærði stóð í þeirri trú, þegar hann vissi af Hildi Fríðu á Snorrabrautinni, að hún væri á ný að ánetjast fíkniefnum, en hún var áður byrjuð að sækja AA-fundi að eigin sögn. Þetta fór illa í ákærða.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna, krufningarskýrslu og öðru, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, er sannað, að ákærði varð Ragnar Ólafssyni að bana með hnífstungu aðfaranótt 22. ágúst sl. í kjallaraíbúðinni að Snorrabraut 36 í Reykjavík.

Þá vefengir ákærði ekki, að hnífurinn, sem fannst á vettvangi, sé hnífur hans, og vitnið Hildur Fríða sá ákærða fleygja honum frá sér í eldhúsinu. Er því sannað, að umræddur hnífur er sá, sem ákærði vann verkið með.

Ákærði kannast ekki við að hafa borið haturshug til Ragnars Ólafssonar vegna afbrýðisemi, en vinátta þeirra hafi kólnað. Þá kannast ákærði ekki við að hafa farið frá Keisaranum á Snorrabrautina umrætt sinn með þeim ásetningi að vinna Ragnari mein með því að reka í hann hníf, heldur hafi hann ætlað að hitta Hildi Fríðu.

Þrátt fyrir framangreindan framburð ákærða er það mat dómsins, að sannað sé, að þegar ákærði tók upp hnífinn á leiðinni niður kjallaratröppurnar, hafi myndast hjá honum ásetningur um að reka hann í Ragnar Ólafsson, enda styrkist þetta, þegar litið er til þess, sem á eftir gerðist, en það gerðist svo snögg, að enginn áttaði sig á, hvað var að gerast, fyrr en það var afstaðið, og enginn sá hnífinn, áður en honum var lagt til Ragnars, en ákærði játaði í yfirheyrslu fyrir dóminum, þegar krafist var gæsluvarðhalds yfir honum, að hann hefði lagt til Ragnars með hnífi. Hafnar dómurinn skýringu ákærða á því, að hnífurinn hafi stungist í Ragnar, þegar þeir hafi komið saman, heldur hafi ákærði af ásetningi stungið honum í hann, og fær þetta stöð í þeirri lýsingu í krufningarskýrslunni, að stungan hafi verið upp á við. Þá sáu vitnin Guðbjörg Inga og Katarínus Grímur hönd ákærða hreyfast, þegar þeir Ragnar komu saman. Enn er það til að styrkja þessa niðurstöðu, að ekki er trúlegt, að ákærði þyrfti að koma inn í húsið með þeim hætti, sem hann gerði, nema með honum hafi búið sá ásetningur að leggja til atlögu við Ragnar með hnífnum. Loks styrkir rannsókn á skyrta Ragnars þessa niðurstöðu. Er því sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brot á 211. gr. almennra hegningarlaga.

Geðrannsókn á ákærða.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, rannsakaði geðheilbrigði ákærða vegna máls þessa með samþykki hans sjálfs, en þessi sami læknir geðrannsakaði einnig ákærða í sambandi við rannsókn fyrra manndrápsmáls hans á árinu 1983. Samkvæmt báðum rannsóknunum er ákærði sakhæfur.

Rétt þykir að rekja hér orðrétt ályktun geðlæknisins í skýrslu hans vegna þessa máls, en hún er dagsett 14. september sl. og á þessa leið:

„Það er mat undirritaðs að Þórður Jóhann Eypórsson sé ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) og ekki hafa greinst einkenni um meiriháttar taugaveiklunarviðbrögð. Greindarstig Þórðar er í meðallagi. Hins vegar hafa greinst merki persónuleikatrufllana ásamt misnotkun áfengis og annarra vímuefna. Framangreindar persónuleikatrufllanir hafa lýst sér sem skapgerðarrestir, hegðunarvandkvæði allt frá því í bernsku og unglingsárum samfara rótleysi í atvinnusókn.

Tilfinningalíf Þórðar virðist nokkuð yfirborðskennt og sjálfmiðað, hann

virðist hafa lágt sjálfsmat og lítið sjálfsöryggi og því viðkvæmur fyrir áreitni og gagnrýni annarra. Skortur á sjálfsöryggi getur m. a. birst í afbrýðisemi og því að viðkomandi fer gjarnan í vörn gagnvart öðrum. Tilfinningalíf Þórðar virðist einnig á stundum vera nokkuð sjálfmiðað, hann er gjarn á að sjá galla í fari annarra en ræðir minna um eigin galla. Líklegt er að skapgerðarbrestra hans hafi orðið meira vart undanfarin misseri samfara aukinni áfengis- og fíkniefnaneyslu, atvinnuleysi, stormasömum tilfinningasamböndum og neikvæðu félagslegu umhverfi.

Að því er varðar nánasta aðdraganda og hugsanlegar orsakir verknaðar þess, er Þórður Jóhann er nú grunaður um, þá veða þyngst framangreindir skapgerðarrestir, en auk þess er ljóst að hann hafði verið við áfengisdrykkju og neyslu örvandi efna undanfarna tvo sólarhringa, hafði lítið sofíð og ugglaut langþreyttur. Hann hafði þá nokkrum dögum áður flutt út frá sambýliskonu sinni, óviss um framtíð sambandsins og undir talsverðu tilfinningalegu álagi. Þórður neitaði staðfastlega að hafa haft nokkurn ásetning um að deyða Ragnar heitinn. Hann hafi tekið upp hnífinn vegna þess orðspors, sem hefði farið af Ragnari heitnum. Lýsti síðan yfirþyrmandi tilfinningum, afbrýðisemi, undrun og sársauka þegar hann sá Hildi í gegnum eldhúsgluggann í íbúð Ragnars heitins.

Þó að líklegt verði að teljast, að langvarandi ölvun og neysla örvandi efna ásamt svefnleysi og þreytu hafi sljóvgað dómgreind Þórðar og sjálfstjórn þegar atburðurinn átti sér stað, þá eru raunveruleikamat og dómgreind Þórðar Jóhanns Eyþórssonar annars með þeim hætti að hann telst fyllilega sakhæfur.“

Sakaferill ákærða.

Ákærði gekkst með dómsátt fjórum sinnum á árunum 1974 til 1976 undir að greiða sektir, einu sinni fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga, öðru sinni fyrir brot á 259. gr. sömu laga og 27. gr. umferðarlaga, í þriðja sinn fyrir of hraðan akstur og loks í fjórða sinnið fyrir ölvunarakstur og sætti þá sviptingu ökuleyfis í 1 ár.

Hinn 30. júní 1983 var ákærði dæmdur í 13 ára fangelsi fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga, en það brot framdi hann snemma á nýársdagsmorgun sama ár. Hæstiréttur þyngdi refsingu ákærða fyrir þetta brot um eitt ár og dæmdi hann í 14 ára fangelsi. Var sá dómur kveðinn upp 21. maí 1984. Ákærði afplánaði helming refsingarinnar, og hinn 25. nóvember 1989 fékk hann reynslulausn í 4 ár á 2520 daga eftirstöðvum dómsins. Loks gekkst ákærði með dómsátt 12. nóvember 1990 undir að greiða 25.000 króna sekt fyrir ölvunarakstur og sætti sviptingu ökuleyfis í 12 mánuði frá 25. september 1990.

Refsing.

Með manndrápi því, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir að hafa valdið af ásetningi, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar frá 25. nóvember 1989 á þeim 2520 dögum eða 7 árum, sem hann fékk reynslulausn á. Ber því við ákvörðun refsingar ákærða nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að fella inn í refsíákvörðunina framangreindar eftirstöðvar. Engar refsilækkandi ástæður í hegningarlögum þykja eiga við um háttsemi ákærða og þar sem ákærði er öðru sinni sakfelldur fyrir að svipta annan mann lífi og það gerist á meðan hann sætir skilorðsbundinni reynslulausn, þykir bera að dæma ákærða til ævilangrar fangelsisrefsingar.

Gæsluvarðhald.

Ákærði hefur við dómsuppsögu setið í gæsluvarðhaldi í samtals 61 dag. Þar sem ákærða er ákvörðuð ævilöng fangelsisrefsing, kemur ekki til álita ákvæði 76. gr. almennra hegningarlaga um frádrátt gæsluvarðhalds.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 100.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Björn Helgason saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórður Jóhann Eyþórsson, sæti fangelsi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 100.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 250.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.